

## Aðalfundur Öldungadeildar lækna 25. maí 2021

1. Formaður félagsins, Kristófer Þorleifsson bauð fundarmenn velkomna til síðkomins fundar.
2. Formaður minntist látins félaga, Ólafs Arnar Arnarsonar, þvagfæraskurðlæknis, sem lést hinn 5.maí s.l. á 88. aldursári.
3. Þá var gengið til aðalfundarstarfa fyrir starfsárin 2019 – 2020 og 2020 – 2021.
4. Kristófer Þorleifsson, formaður las ársskýrslu sína fyrir bæði árin, sem var samþykkt án athugasemda. Guðmundur Viggósson gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu Öldungadeildar og er hún því sem næst óbreytt frá fyrra ári. Innistæða í banka er 2 milljónir kr. Starfsemi síðustu tveggja ára féll að miklu leyti niður vegna farsóttar.
5. Þá var gengið til kosninga þar sem starfstímabili núverandi stjórnar er lokið. Ný stjórn var kjörin. Óttar Guðmundsson formaður, Sigurður Guðmundsson ritari, Friðrik Yngvason gjaldkeri. Meðstjórnendur Helga Ögmundsdóttir og Leifur Bárðarson. Skoðunarmaður reikninga Þorkell Bjarnason til tveggja ára. Ritstjóri vefsíðu og ritstjóri Öldungadeildar að síðu í Læknablaðinu er áfram Magnús Jóhannsson. Öldungaráð: Kristófer Þorleifsson, Jóhannes M. Gunnarsson, Reynir Þorsteinsson, Margrét Georgsdóttir og Guðmundur Viggósson. Árgjald næsta árs verður óbreytt. Var nýrri stjórn árnað heilla.
6. Fyrirlesarinn Reynir Tómas Geirsson var kynntur. Erindi hans nefndist „Hún tók aðeins á móti einu barni“. Fjallaði erindi hans um fátæka stúlku, Kristjönu Guðmundsdóttur, f. 1891, d. 1964, sem lærði til ljósmóður í Reykjavík og örlagasögu hennar. Að afloknu ljósmóðurnámi var Kristjönu veitt ljósmóðurstarf í Grunnavíkurbíóhéraði. Þar fæddist ekkert barn annað en það sem hún eignaðist með stjúpforeldrum sínum. Barnið lést í fæðingu, en henni var kennt um andlát barnsins, en hún bar það ekki af sér og hlaut hún þriggja ára dóm sem hún afplánaði að mestu í fangelsinu við Skólavörðustíg. Kristján X. Konungur veitti Kristjönu uppreist æru nokkrum mánuðum áður en dómstímabilinu lauk. Varð hún síðan vinnukona í Landeyjum þar sem hún gat sér gott orð og var heiðruð með gullúri af hálfu sveitunga sinna. Frásögnin styðst að miklu leyti við ritgerðarsafn Vilmundar landlæknis, Með hug og orði, auk heimilda sem fyrirlesari hefur grafið eftir. Góður rómur var gerður að erindi Reynis Tómasar og var honum afhent viðurkenningarskjal ásamt bók. Fundi því næst slitið. Jóhannes M. Gunnarsson skráði fundargerð

Hjálögð er ársskýrsla Kristófers Þorleifssonar, formanns Öldungadeildar LÍ 2019-2020 og 2020-2021.